



Menningarsjóður Langanesbyggðar

1. Tilgangur og fjármögnun
 - 1.1. Menningarsjóður Langanesbyggðar hefur það hlutverk að styðja við menningarstarfsemi og listviðburði í Langanesbyggð.
 - 1.2. Starfsemi sjóðsins er fjármögnuð með framlögum úr sveitarsjóði og frjálsum framlögum.
2. Úthlutunarnefnd
 - 2.1. Velferðar- og fræðslunefnd gerir tillögu til um þriggja manna úthlutunarnefnd sem skipuð skal til tveggja ára í senn, fyrst að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
 - 2.2. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
 - 2.3. Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við þá starfsmenn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis. Nefndarmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir.
3. Framkvæmd úthlutunar
 - 3.1. Skrifstofa Langanesbyggðar skal að lokinni afgreiðslu fjárhagsáætlunar ár hvert auglýsa eftir styrkumsóknum. Auglýsa skal í staðarmiðlum og á heimasíðu sveitarfélagsins.
 - 3.2. Starfsfólk skrifstofu skal halda utan um styrkumsóknir og gegnir leiðbeinandi hlutverki gagnvart umsækjendum og ber að gæta jafnræðis. Þegar úthlutun er lokið sjá áðurnefndir starfsmenn um samskipti við styrkþega og eftirfylgni verkefna.
 - 3.3. Rétt til að sækja um styrki eru íbúar eða samtök með aðsetur og starfsemi innan marka Langanesbyggðar.
 - 3.4. Umsóknir skulu að jafnaði vera í rafrænu formi eða eyðublaði sem stjórn sjóðsins lætur útbúa og skal vistuð á heimasíðu sveitarfélagsins.
 - 3.5. Í umsókn skal fylgja lýsing á verkefninu eða viðfangsefninu sem sótt er um fyrir, hvert er markmið, viðfangsefni, umfang, aðrar tekjur og gildi þess fyrir íbúa sveitarfélagsins. Einnig skal þess getið hvort og þá hvaða aðra tekjustofna verkefnið nýtur góðs af.
4. Styrkhæf verkefni sem m.a. koma til greina
 - 4.1. Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, svæða, landa eða listgreina.



- 4.2. Verkefni sem fela í sér frumsköpun á sviði lista.
 - 4.3. Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og lista.
 - 4.4. Verkefni sem hafa mikil samfélagsleg áhrif.
5. Útfærsla og greiðslur
- 5.1. Styrkvilyrði fyrir allt að kr. 100.000 má greiða út í einu lagi.
 - 5.2. Styrkvilyrði upp að kr. 250 þúsund skal úthluta í tvennu lagi. Fyrri hlutann, allt að 50%, er heimilt að greiða þegar verkefnið hefst þ.e. við undirritun samnings eða siðar. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefninu er lokið og styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
 - 5.3. Styrkvilyrði vegna verkefnastyrkja sem eru hærrí kr. 250.000, greiðast út eftir framvindu verkefnis og skilum á framvinduskýrslu. Við undirritun samnings og upphaf verkefnis er þó heimilt að greiða allt að 30% samningsupphæðar. Heimilt er að greiða allt að 40% styrkupphæðar við skil á framvinduskýrslum. Lokagreiðsla fer fram að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
 - 5.4. Greiða má stofn- og rekstrarstyrki þannig að 80% styrksins greiðist við undirritun en 20% eftir að styrkþegi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu. Sé verkefnið ekki hafið innan þriggja mánaða frá undirritun samning fellur styrkvilyrðið niður, nema fyrir liggja samkomulag samningsaðila um annað. Verði verulegar breytingar á verkefninu, án samþykkis úthlutunarnefndar, er styrkur afturkræfur að hluta eða öllu leyti.
 - 5.5. Allar beiðnir um breytingar þurfa að berast viðkomandi skrifstofu Langanesbyggðar fyrir 31. maí styrkårs. Þeim er heimilt að taka ákvarðanir um óverulegar breytingar í samráði við formann úthlutunarnefndar og sveitarstjóra. Óverulegar breytingar teljast t.d. seinkun verkloka fram í mars næsta árs og breyting á staðsetningu viðburða.
 - 5.6. Framvindu- og lokaskýrslum skal skilað á rafrænu formi.
6. Samningur
- 6.1. Sveitarfélagið og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslna, skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita umsjónaraðilum úthlutunarsjóðs upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað. Samningur skal undirritaður innan 6 vikna frá tilkynningu um úthlutun. Berist undirritaður samningur ekki innan fyrrgreindra tímamarka og sé ekki um annað samið sérstaklega fellur styrkvilyrði niður.
7. Trúnaður og endurskoðun
- 7.1. Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra. Birtur verður opinberlega listi yfir veitta styrki, heiti verkefnis og styrkupphæð.
 - 7.2. Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.